

**FRÁSÖGN**

*af 36. fundi þingmannanefndar EES í Ósló og á Svalbarða 11.-15. apríl 2011*

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA sóttu fundinn þau Valgerður Bjarnadóttir varaformaður, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Jónína Rós Guðmundsdóttir og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (einungis Ósló-fundinn), auk Stígs Stefánssonar ritara Íslandsdeildar. Helstu dagskrármál fundarins voru þróun EES-samningsins og þær úttektir sem unnið er að í Noregi og innan ráðherraráðs ESB á samningnum, staða mála hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og málefni norðurslóða.

Formlegur hluti þingmannanefndar EES fór fram í Longyearbyen á Svalbarða. Áður en þangað var haldið átti nefndin fund í Ósló með Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, þar sem farið var yfir stefnu Norðmanna í málefnum norðurslóða og EES. Lögð var áhersla á að hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna væri sá lagarammi sem nýta bæri til að útkljá deilur ríkja um landgrunn og lögsögumörk á norðurslóðum. Var bent á samkomulag Norðmanna og Rússa frá apríl 2007 um lögsögumörk í Barentshafinu eftir 40 ára deilu til sönnunar þess að hafréttarsáttmálinn væri slíkur grunnur og að Rússar væru tilbúnir að leysa deilumál á grundvelli hans. Ekki væri ástæða til sérstaks alþjóðlegs sáttmála um norðurskautið líkt og Suðurskautslandið. Hvað varðar EES fjallaði Støre stuttlega um yfirstandandi úttekt norskra stjórnvalda á EES-samningnum þar sem pólitísk, efnahagsleg og félagsleg áhrif samningsins eru metin heildrænt. Þá sagðist hann við umræðu um mögulega stækkun EES með því að taka ný ríki inn í EFTA vera neikvæður gagnvart slíkum hugmyndum þar sem rekstur samningsins gæti orðið erfiðari með fjölgun ríkja á EFTA-hlið enda þurfa þau á vettvangi samningsins að tala einum rómi. Valgerður Bjarnadóttir tók til máls á fundinum og gerði stuttlega grein fyrir þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða sem samþykkt var 28. mars sl.

Á fundi þingmannanefndar EES var fulltrúum stofnana ESB og EFTA að venju boðið að hafa framsögur í umræðum um þróun og framkvæmd EES-samningsins. Í umræðunni kom fram að rekstur samningsins gengur vel og EES/EFTA-ríkin innleiða EES-gerðir hratt og örugglega. Svokallaður innleiðingarhalli EES/EFTA-ríkjanna, sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) tekur saman, er innan við 1% sem er undir þeim mörkum sem ríkin miða við að halda sig innan. Lajoras Bozi, fulltrúi formennsku Ungverja í ráðherraráði ESB, gerði grein fyrir þeirri úttekt sem ráðið er að hefja á EES-samningnum. Utanríkisþjónustu ESB hefur verið falið að gera úttektina og er horft til þess hvort einhverjar breytingar megi gera til að auka skilvirkni samningsins eftir tilkomu Lissabonsáttmála ESB. Gianluca Grippa, fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB, bætti við að í úttektinni yrði horft á sveigjanleika samningsins og getu til að taka upp nýjar gerðir og þar með að viðhalda einingu innri markaðarins. Mikil þróun hafi orðið á regluverki ESB með sáttmálauppfærslum frá því að EES-samningurinn var gerður fyrir hartnær tuttugu árum og grá svæði hafa myndast á milli reglna sem falla undir innri markaðinn og þar með EES, og reglna á öðrum sviðum. Grippa lagði áherslu á að markmið úttektarinnar væri á engan hátt að leggja til meiri háttar breytingar á EES-samningnum heldur að líta til þess hvernig tryggja mætti góða virkni hans.

Nokkuð var fjallað um samþykkt landsfundar norska verkamannaflokksins 9.-10. apríl sl. um að innleiða ekki svokallaða þriðju tilskipun um póstmál. Samþykktin var gerð þvert á vilja flokksforystunnar og er nú útlit fyrir að ríkisstjórn Noregs neiti innleiðingu EES-gerðar í fyrsta skipti frá gildistöku EES-samningsins. Hermansen, fulltrúi norskra stjórnvalda á fundinum, lagði áherslu á að þótt EES-samningurinn gerði ráð fyrir lagalegu samræmi á EES-svæðinu væri líka gert ráð fyrir því að ágreiningur gæti komið upp á meðal samningsaðila um

innleiðingu gerða. Sagði hann að norsk stjórnvöld mundu ráðfæra sig við ESB um hvernig leysa mætti farsælega úr málinu.

Per Sanderud, forseti ESA, hélt venjubundið erindi um stöðu mála hjá Eftirlitsstofnuninni, og kom íslenska bankahrunið og afleiðingar þess þar töluvert við sögu. Rifjaði hann upp að skömmu fyrir jól komst ESA að þeirri niðurstöðu að svokölluð neyðarlög og sú aukna vernd sem þau gáfu innstæðueigendum á kostnað annarra kröfuhafa föllnu bankanna brytu ekki í bága við EES-samninginn. Aðrir kröfuhafar eru skuldabréfaeigendur íslensku bankanna, einkum evrópskar fjármálastofnanir, og sagði Sanderud útlit fyrir að þeir mundu tapa 40-50 milljörðum evra á bankahruninu. Þá sagðist Sanderud vænta skjótra svara frá íslenskum stjórnvöldum við bréfi ESA vegna Icesave nú þegar búið væri að fella samninga við Hollendinga og Breta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef svarið nægði ekki til að sannfæra ESA um að aðgerðir íslenskra stjórnvalda í Icesave-málinu væru í samræmi við EES-samninginn mundi næsta skref ESA vera að senda íslenskum stjórnvöldum tilkynningu um niðurstöðu ESA þar um og stefna Íslandi fyrir EFTA-dómstólinn.

Í umræðu um skýrslu um málefni norðurslóða og EES höfðu Evrópuþingmaðurinn Indrek Tarand og Valgerður Bjarnadóttir framsögu. Tarand undirstrikaði aukinn áhuga á svæðinu og pólitískt gildi þess með því að vísa í að á síðustu árum hafa Norðmenn, Rússar, Danir, Bandaríkjamenn, Íslendingar og ESB mótað sér sérstaka stefnu á sviði norðurslóðamála. Stefnurnar væru samstíga hvað varðar markmið um verndun umhverfis og hinna viðkvæmu vistkerfa og að við auðlindanýtingu væri sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Aftur á móti væri ekki eining um stofnanauppbyggingu á svæðinu eða vettvang til ákvarðanatöku. Valgerður lagði í sínu erindi áherslu á að styrkja bæri Norðurskautsráðið sem aðalsamstarfsvettvangur ríkisstjórna um málefni norðurskautsins og taldi mikilvægt að þar hefðu aðrir hagsmunaaðilar, eins og samtök frumbyggja, áheyrnaraðild. Þá sagði Valgerður hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna grundvallartæki til að gera út um deilumál ríkja um lögsögu á svæðinu. Loks lagði hún áherslu á að loftslagsbreytingar og bráðnun íshellunnar á norðurslóðum legðu norðurskautsríkjunum á herðar skyldur á sviði eftirlits- og björgunarmála og umhverfissvöktunar. Norski þingmaðurinn Harald T. Nesvik tók þátt í umræðunni og lagði áherslu á það sjónarmið norskra stjórnvalda að vissulega væri Norðurskautsráðið mikilvægur samstarfsvettvangur en þó væru ýmis mál sem eðlilegt væri að þau fimm ríki sem hefðu réttindi strandríkja á norðurskautssvæðinu hefðu samráð um sín á milli á svokölluðum fimm-ríkja fundum. Strandríkin fimm hefðu sérstökum skyldum að gegna samkvæmt hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og því væri ekkert athugasvert við að ákvarðanatöku sem þeim skyldum fylgdi færi fram í þeirra hópi.

Í lok fundar samþykkti þingmannanefndin tvær ályktanir, annars vegar um málefni norðurslóða og hins vegar um rekstur EES-samningsins.

Frekari upplýsingar fást á vefsíðunni [www.efta.int](http://www.efta.int) og á nefndasviði.